

**Nd. 463. Frumvarp til laga [216. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

**1. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innan lands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

**2. gr.**

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir visitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr. eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr. að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að \$ 1 600 þús.

6. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu raforkumála og flugöryggismála.

7. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Boranir og rannsóknir á Reykjanesi .....	24.3
Boranir við Námafjall .....	30.4
Rannsóknir á Efra-Þjórsársvæði .....	9.3
Rafmagnsveitur ríkisins .....	42.0
Framkvæmdir á Keldnaholti .....	13.4
Landshafnir .....	5.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi .....	43.5
Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík) .....	29.6
Reykjanesbraut í Breiðholti .....	2.8
Keflavíkurlflugvöllur .....	3.9
Menntaskólinn við Hamrahlíð .....	10.0
Lögreglustöð í Reykjavík .....	7.0
Rannsóknir á perlusteinsvinnslu .....	3.0

Samtals 225.0

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fylgiskjali með fjárlagafrumvarpi ársins 1969 var birt bráðabirgðayfirlit yfir framkvæmdáætlun þess árs. Var þar gert ráð fyrir fjáröflun til opinberra framkvæmda að upphæð 168 millj. kr., en óleyst fjárfestingarvandamál voru þá talin nema 57 millj. kr., eða samtals 225 millj. kr. Við afgreiðslu fjárlaga voru sum hinna síðarnefndu vandamála leyst að nokkru eða öllu leyti. Áætlunin hefur nú verið endurskoðuð af Efnahagsstofnuninni og fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytisins í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur síðan, og er gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum í athugasemdum við 7. gr. frumvarps þessa.

Seðlabankinn hefur gert nýja áætlun um fjáröflun til opinberra framkvæmda á árinu 1969, og er hún talin geta numið samtals 225 millj. kr. Myndi fjáröflunin

skiptast þannig, að 75 millj. kr. væri nýtt spariskirteinalán, 80 millj. kr. endurgreiðslur af spariskirteinalánum fyrri ára, sem ekki ganga til innlausnar á bréfum, og 70 millj. kr. P.L. 480 lán. Samkvæmt þessu er spariskirteinalánið óbreytt frá áætlun 1968, endurgreiðslur spariskirteinalána hækka um 30 millj. kr. og P.L. 480 lánið um 24 millj. kr. Lánsfjáröflunin verður því, sem fyrr segir, 225 millj. kr. í stað 330 millj. kr. árið 1968. Framangreindir liðir hækka um samtals 54 millj. kr., en hlutdeild í erlendri lántöku, sem var 147 millj. kr. árið 1968, og bráðabirgðalántaka, 12 millj. kr., falla niður í ár.

#### Um 1. gr.

Hér er leitað heimildar til fjáröflunar með verðbréfaútgáfu á sama hátt og undanfarin ár. Er gert ráð fyrir, að ný verðbréfaútgáfa nemi 75 millj. kr., en það er sama upphæð og á sl. ári.

#### Um 2.—4. gr.

Þessar greinar fela í sér sams konar ákvæði varðandi lánskjör og skattalega meðferð og jafnan hafa fylgt spariskirteinum ríkissjóðs.

#### Um 5. gr.

Hér er farið fram á heimild til allt að \$ 1 600 þús. vörukaupaláns hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna, svonefnds P.L. 480 láns, á sama hátt og undanfarin ár.

#### Um 6. gr.

Vegna framkvæmda í raforkumálum verður um að ræða innflutning á tækjum, og er hér leitað heimildar, eins og á undanförunum árum, til að afla erlends lánsfjár til slíkra tækjakaupa. Auk þess má gera ráð fyrir einhverjum innflutningi tækja vegna framkvæmda í flugöryggismálum. Allar slíkar framkvæmdir eru nú innan fjárlaga, en hér er leitað heimildar til tækjakaupaláns, ef til kemur.

#### Um 7. gr.

**Boranir og rannsóknir á Reykjanesi.** Kostnaður við aðgerðir, sem að áliti orkumálastjóra þarf að gera á borholum ásamt rannsóknarborunum og öðrum jarðhitarrannsóknum á svæðinu í sambandi við fyrirhugaða sjóefnavinnslu, er áætlaður 10.3 millj. kr. Auk þess er kostnaður við saltvinnslurannsóknirnar sjálfar áætlaður 6.0 millj. kr. Þar við bætist, að kostnaður árið 1968 reyndist mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir, og var aflað bráðabirgðalána til framkvæmdanna, samtals að fjárhæð 8 millj. kr. Nauðsynlegt er að endurgreiða þessi bráðabirgðalán á árinu 1969. Fjárbörf verður því í heild 24.3 millj. kr.

**Boranir við Námafjall.** Boraðar hafa verið tvær holur við Námafjall vegna gufuafllstöðvar þar og Kísiliðjunnar. Vegna fyrirhugaðrar stækkunar Kísiliðjunnar er talið nauðsynlegt að bora þrjár holur til viðbótar, ef tryggja á þessum fyrirtækjum næga orku. Kostnaður við þessar boranir, tengingu borhola við Kísiliðjuveituna og rafstöðvarveituna svo og kaup viðbótartækja á Norðurlandsbor o. fl. er áætlaður samtals 22 millj. kr. Til endurgreiðslu bráðabirgðalána, sem aflað varð vegna framkvæmdanna árið 1968, verður nauðsynleg viðbótarfjáröflun samtals 8.4 millj. kr., þar af 2.3 millj. kr. vegna Laxárvirkjunar. Heildarfjáröflun vegna þessara framkvæmda er því 30.4 millj. kr.

**Rannsóknir á Efra-Þjórsársvæði.** Gert er ráð fyrir, að Orkustofnun framkvæmi yfirlitsrannsóknir á Efra-Þjórsársvæði sumarið 1969, en þessar rannsóknir eru nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda eftir Búrfellsvirkjun. Er áætlaður kostnaður við rannsóknirnar 7.3 millj. kr. Til viðbótar þessu er gert ráð fyrir 2.0 millj. kr. fjáröflun til að ljúka byggingu straumfræðistöðvar og til endurnýjunar á borum, eða samtals 9.3 millj. kr.

**Rafmagnsveitur ríkisins.** Í fjárlögum ársins 1969 er gert ráð fyrir, að lántökur

rafmagnsveitnanna muni nema 43 millj. kr. Með því móti var unnt að standa undir framkvæmdum og afborgunum vörukaupalána að fjárhæð samtals 59.2 millj. kr., þar af 19.2 millj. kr. vegna sveitarafvæðingar og 40.0 millj. kr. vegna annarra raforkuframkvæmda. Í lok ársins 1968 tóku rafmagnsveiturnar vörukaupalán að fjárhæð 7 millj. kr., sem þarf að endurgreiðast á árinu 1969 ásamt öðrum vörukaupalánum, sem eru 10 millj. kr. á núverandi gengi, eða samtals 17 millj. kr. Hámarkslánsfjáröflun til rafmagnsveitna ríkisins er 42 millj. kr., og verða því til framkvæmda utan sveitarafvæðingar 25 millj. kr. á árinu 1969. Er þá gert ráð fyrir, að framkvæmd verði fyrirhuguð Smyrlabjargaárvirkjun auk ýmissa minni háttar framkvæmda víðs vegar á landinu.

**Framkvæmdir á Keldnaholti.** Hér er í fyrsta lagi um að ræða innréttingar á húsnæði fyrir Rannsóknastofnun iðnaðarins að fjárhæð 7 millj. kr. Með 13 millj. kr. til viðbótar árið 1970 er áætlað, að unnt verði að fullljúka byggingunni og gera þar með kleifan flutning stofnunarinnar úr húsnæði Háskólans, sem orðinn er brýnn. Í öðru lagi þarf að endurgreiða 6.4 millj. kr. bráðabirgðalán, sem aflað hefur verið til byggingar húsnæðis fyrir Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en stofnunin hefur nú flutt í hið nýja húsnæði sitt á Keldnaholti. Verður heildarfjáröflun vegna framkvæmda þar því 13.4 millj. kr.

**Landshafnir.** Samkvæmt álitni vitamálastjóra er brýnasta verkefnið í landshöfnunum á árinu 1969 fólgið í því að koma grjóti til varnar á ytri garð í Þorlákshöfn, og er kostnaður við það áætlaður 4.0 millj. kr. Til skuldagreiðslna við verktaka og vitamálastjórn þarf 1.8 millj. kr., eða samt. 5.8 millj. kr.

**Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi.** Kostnaður við framkvæmdir í ár er áætlaður 45.2 millj. kr., en viðhald, vextir, skuld frá fyrra ári og lántökukostnaður samtals 5.5 millj. kr. Þéttbýlisfé Kópavogs er áætlað 3.1 millj. kr. og framlag úr 10% sjóði 4.1 millj. kr. Nauðsynleg fjáröflun nemur því 43.5 millj. kr., en ríkissjóður hefur heitið aðstoð við Kópavogsskaupstað um öflun lánsfjár til framkvæmda, sem síðan verður endurgreitt með framlögum frá Kópavogsskaupstað og úr vegasjóði.

**Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík).** Afborganir og vextir af lánum vegna Reykjanesbrautar nema 56.8 millj. kr. árið 1969. Í vegaáætlun er gert ráð fyrir 6.8 millj. kr. framlagi. Nettótekjur af veggjaldir eru áætlaðar 15.0 millj. kr. í fjárlögum, en auk þess er fyrir hendi 5.4 millj. kr. innstæða frá fyrra ári. Fjárvöntun er því 29.6 millj. kr.

**Reykjanesbraut í Breiðholti.** Hér er um að ræða afborganir og vexti af láni, sem tekið var á síðasta ári, samtals 2.8 millj. kr.

**Keflavíkurflugvöllur.** Ráðgert er að afla 3.9 millj. kr. lánsfjár til framkvæmda í sambandi við flugstöðvarbygginguna á Keflavíkurflugvelli. Er hér um að ræða yfirbyggða gangbraut fyrir farþega, 1.8 millj. kr., og byggingu bifreiðastæða utan við flugstöðvarbygginguna að hluta, 2.1 millj. kr., en heildarkostnaður við gerð bifreiðastæðanna er áætlaður 3.5 millj. kr.

**Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Vegna fyrirsjáanlegrar aukningar nemenda er talið óhjákvæmilegt að flýta byggingarframkvæmdum við menntaskólann, þannig að fjórða áfanga verði lokið haustið 1970. Áætlað er, að kostnaður við þann áfanga sé 42 millj. kr. Fjárveiting 1969 er 14 millj. kr., svo að á vantar 28 millj. kr. Er ráðgert að afla 10 millj. kr. lánsfjár í ár umfram fjárveitinguna, þannig að 18 millj. kr. kæmu á árið 1970.

**Lögreglustöð í Reykjavík.** Á fjárlögum 1969 eru veittar 6.9 millj. kr. til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík, þar af 3.7 millj. kr. til afborgunar og vaxtagreiðslna af lánum, og 3.2 millj. kr. til framkvæmda. Til að flýta byggingu stöðvarinnar er ráðgert að afla 7 millj. kr. lánsfjár umfram fjárveitinguna, þannig að til framkvæmda verði samtals 10.2 millj. kr. árið 1969.

**Rannsóknir á perlusteinsvinnslu.** Ákveðið hefur verið að rannsaka til hlítar á þessu ári möguleika á nýtingu perlusteins. Þarf að taka og prófa 400—600 sýnishorn á mismunandi stöðum og dýpi og rannsaka með borun og grefti, hversu mikið

magn er um að ræða. Þá þarf að prófa gæði efnisins, þ. e. hvort það sé nægilega þenj-  
anlegt til að nota megí í léttblendi og til framleiðslu á léttum plötum, eða jafnvel sem  
síunarefni. Er kostnaðaráætlun við þessi verk 3 millj. kr.